



Fyrirkomulag, tíðni og umfang þjónustu og viðhalds handslökkvitækja

Í 8. gr. reglugerðar nr. 1068/2011 um slökkvitæki segir:

„Komi ekki annað fram í leiðbeiningum framleiðanda er skylt að yfirfara slökkvitæki sem gerð er krafa um í gildandi lögum og reglugerðum minnst einu sinni á ári af þjónustuaðila. Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um fyrirkomulag, tíðni og umfang þjónustu og viðhalds handslökkvitækja.

Tæki sem eru geymd við breytilegt hitastig eða aðrar aðstæður sem geta haft áhrif á virkni þeirra skulu þjónustuð oftast í samræmi við fyrirmæli Mannvirkjastofnunar eða annarra þar til bærra stofnana.“

Starfsleyfi

Þeir sem bjóða þjónustu við viðhald, skoðun, áfyllingu og þrýstiprófun handslökkvitækja skulu hafa starfsleyfi Mannvirkjastofnunar.

Leiðbeiningar

Leiðbeiningar þessar koma ekki í stað leiðbeininga framleiðanda tækjanna sem á að þjónusta.

Á starfsstöð þjónustuaðila skulu vera leiðbeiningar frá framleiðanda eða umboðsmanni brunavarnabúnaðar um það hvernig og hversu oft viðkomandi brunavarnabúnaður skal yfirfarinn sem og annað sem máli skiptir um þjónustu brunavarnabúnaðarins.

Ekki má breyta slökkvitæki eða nota aðra gerð slökkvimiðils en framleiðandi heimilar. Til breytinga telst einnig ef vikið er frá leiðbeiningum framleiðanda í þýðingu á leiðbeiningum um notkun tækjanna.

Ef ekki er hægt að fá varahluti eða slökkvimiðil fyrir slökkvitæki skal eigandi þess taka það úr notkun og koma slökkvimiðlinum til eyðingar á viðurkenndan hátt. Fáí þjónustuaðili beiðni um að þjónusta slíkt tæki skal þjónustan ekki veitt og skal hann benda eiganda á að taka slökkvitækið úr notkun.

Þjónustuaðila er ekki heimilt að þjónusta slökkvitæki ef búið er að banna notkun þeirra eða slökkvimiðilsins.

Eigandi mannvirkis ber ábyrgð á að það fullnægi kröfum um brunavarnir sem fram eru settar í lögum og reglugerðum og að brunavarnir taki mið af þeirri starfsemi sem fer fram í mannvirkinu eða á lóð þess á hverjum tíma.

Eigandi og eftir atvikum forráðamaður mannvirkis ber ábyrgð á eigin brunavörnum, að þær séu virkar og að haft sé reglubundið eftirlit með þeim.

Eigandi eða forráðamaður mannvirkis ber ábyrgð á að haft sé reglubundið eftirlit með slökkvitækjum í mannvirkinu.



Skilgreiningar

Ábyrgðarmaður: Hæfur starfsmaður sem þjónustuaðili tilnefndur og ber faglega ábyrgð á að sú þjónusta sem veitt er við viðhald, skoðun, áfyllingu og þrýstiprófun handslökkvitækja uppfylli gildandi kröfur.

Hæfur starfsmaður: Einstaklingur sem sinnir lögbundinni þjónustu við viðhald, skoðun, áfyllingu og þrýstiprófun handslökkvitækja og hefur hlotið viðurkenningu Mannvirkjastofnunar til að vinna við slíkan brunavarnabúnað.

Tíðni eftirlits

Komi ekki annað fram í leiðbeiningum framleiðanda er skylt að yfirfara slökkvitæki sem gerð er krafa um í gildandi lögum og reglugerðum minnst einu sinni á ári af þjónustuaðila.

Tæki sem eru geymd við breytilegt hitastig eða aðrar aðstæður sem geta haft áhrif á virkni þeirra skulu þjónustuð oftar í samræmi við fyrirmæli Mannvirkjastofnunar eða annarra þar til bærra stofnana.

Þetta á t.d. við um tæki sem geymd eru ýmist í upphituðu rými eða óupphituðu (t.d. úti á daginn og inni á nóttunni eða í stýrishúsum bifreiða og tækja) og tæki sem eru höfð utan á bílum eða vinnuvélum.

Tafla 1. Tíðni eftirlits.

Gerð slökkvitækis	Vikulegt eftirlit ¹	Mánaðarlegt eftirlit	Árlegt eftirlit	Viðbótarkröfur			
				Við 5 ára aldur ²	Við 10 ára aldur	Við 15 ára aldur	Við 20 ára aldur ³
Vatn og froða	Vikulegt eftirlit	Sjónskoðun	Grunnþjónusta	Aukin þjónusta	Aukin þjónusta	Aukin þjónusta	Endurnýjun ráðlögð
Duft	Vikulegt eftirlit	Sjónskoðun	Grunnþjónusta	Aukin þjónusta	Aukin þjónusta	Aukin þjónusta	Endurnýjun ráðlögð
CO ₂	Vikulegt eftirlit	Sjónskoðun	Grunnþjónusta		Aukin þjónusta þrýstiprófun		Endurnýjun ráðlögð
D-elda slökkvitæki(4)	Vikulegt eftirlit	Sjónskoðun	Grunnþjónusta	Aukin þjónusta	Aukin þjónusta	Aukin þjónusta	Endurnýjun ráðlögð
F – flokkuð slökkvitæki (5)	Vikulegt eftirlit	Sjónskoðun	Grunnþjónusta	Aukin þjónusta	Aukin þjónusta	Aukin þjónusta	Endurnýjun ráðlögð
Halon (6)	Óheimilt er lögum samkvæmt að eiga Halon handslökkvitæki, þau skal taka úr notkun						

¹ Sbr. liður 0.

² Sum tæki eru vottuð frá framleiðanda til lengri tíma og leiðbeiningar hans um þjónustu gilda.

³ Prófanir sem gera þarf á tækjum eldri en 20 ára eru það umfangsmiklar að almennt svarar ekki kostnaði að gera þær á tækjum sem eru komin að lokum endingartíma síns.

⁴ Duft slökkvitæki

⁵ Vatn og froða

⁶ Undantekningar eru til, en um þær er ekki fjallað í þessu leiðbeiningablaði.



Aðrar gerðir (7)	Skal taka úr notkun
------------------	---------------------

Þrýstiprófun skal vera í samræmi við kröfur reglugerðar 571/2000 og leiðbeiningar framleiðanda.

Slökkvitæki sem hafa verið bönnuð eða eru ólögleg á markaði

Nokkrar gerðir slökkvitækja hafa verið bannaðar eða þau eru ólögleg á markaði. Þjónustuaðili sem fær beiðni um að þjónusta slíkt tæki skal benda eiganda á að taka slökkvitækið úr notkun.

a. Halon tæki

Í 8. gr. reglugerðar nr. 586/2002 um efni sem eyða ósonlaginu segir:

„Bannað er að endurhlaða handslökkvitæki með halón 1211, sbr. þó 7. gr. Öll slík handslökkvitæki skulu vera komin úr umferð eigi síðar en 31. desember 2003.“

Undantekningar eru til, en um þær er ekki fjallað í þessu leiðbeiningablaði. Umhverfisstofnun fer með stjórnslu þessara mála.

b. Sóða-sýru tæki og tæki sem þarf að hvolfa

Í grein 1.6 í reglugerð 170/1990 um eftirlit og viðhald handslökkvitækja var notkun þessara tækja bönnuð: „Öll handslökkvitæki sem eru ræst með því að snúa þeim á hvolf, og einnig natron- og brennisteinssýrutæki, skulu tekin úr notkun.“

c. Tæki sem framleidd eru eftir 2002 og ekki eru CE-merkt

Handslökkvitæki sem framleidd eru eftir 2002 eiga að vera CE merkt. Ef þau eru það ekki eru tækin ólögleg á markaði.

Viðhald, viðgerð, framleiðsla og endurbygging slökkvitækis

Gerður er greinarmunur á því hvað telst viðhald handslökkvitækis og hvenær um viðgerð, endurbyggingu eða jafnvel framleiðslu slökkvitækis er að ræða. Í einhverjum tilvikum er viðgerð þess eðlis skv. þrýstibúnaðartilskipuninni að gera þarf samræmismat eftir viðgerð. Sjá Leiðbeiningar Evrópusambandsins með þrýstibúnaðartilskipuninni (Guideline 1.3. og 3.11.⁸). Viðhald eins og því er lýst í leiðbeiningum framleiðanda er innan marka þess sem framkvæma má án þess að gera þurfi samræmismat vegna þess.

Samkvæmt reglugerð nr. 1068/2011 er óheimilt að gera breytingar á handslökkvitækjum við framkvæmd þjónustuaðila. Í þrýstibúnaðartilskipuninni er sömuleiðis kveðið á um að ef notaðir eru aðrir íhlutir en framleiðandi mælir fyrir um í sínum leiðbeiningum þarf að fara fram nýtt samræmismat á tækinu og jafnframt að handslökkvitæki sem hefur verið breitt á einhvern hátt t.d. með því að skipta um sleppibúnað eða setja annað slökkviefni á tækið flokkast sem ný framleiðsla og þarf að fá nýja viðurkenningu samkvæmt því (CE viðurkenning, samræmismat og flokkun samkvæmt ÍST EN 3).

CE viðurkenningin og ÍST EN 3 flokkunin byggja á slökkvitækinu sem einni heild. Í leiðbeiningum Evrópusambandsins með þrýstibúnaðartilskipuninni (Guideline 3.8.⁸) er slökkvitæki notað sem dæmi um samsetningu sem myndar eina heild. Þau eru sett saman af framleiðanda sem markaðssetur tækin sem eina heild þ.e. viðurkenning þeirra gildir þegar þau eru samsett, fyllt með slökkvimiðli og réttur

⁷ Sóða-sýru tæki, tæki sem þarf að hvolfa til að virkja, tæki framleidd eftir 2002 sem ekki eru CE merkt o.fl.

⁸ http://ec.europa.eu/enterprise/sectors/pressure-and-gas/files/ped/ped-guidelines_en.pdf sótt 30.08.2011



Þrýstingur settur á þau af framleiðanda. Framleiðanda ber að fá viðeigandi viðurkenningar (samræmismat og ÍST EN 3 flokkun) fyrir þau sem eina heild.

Samræmismat handslökkvitækja sem veitir rétt til CE-merkingar fer fram skv. ákvæðum reglugerðar nr. 571/2000 um þrýstibúnað. Í þeirri reglugerð koma fram þær kröfur sem gerðar eru til framleiðanda um framkvæmd samræmismats. Þegar um handslökkvitæki er að ræða annast svokallaður tilnefndur aðili stóran hluta samræmismatsins sbr. viðauki II með leiðbeiningum þessum. Handslökkvitækin skulu merkt með númeri sem vísar til þess samþykkis sem það hefur fengið. Áður en samræmismat fer fram skal slökkvitækið prófað eftir viðeigandi ÍST EN 3 staðli hjá viðurkenndri prófunarstöð.

Tæki sem samþykkt voru fyrir árið 2002 voru prófuð eftir öðrum reglum og því er ekki krafist CE-merkingar þeirra tækja.

Þeim sem prófa handslökkvitæki er skylt að halda lista yfir samþykkt tæki. Sé samþykki af einhverjum ástæðum dregið til baka er markaðssetning ekki lengur leyfð. En slíkt hefur ekki áhrif á þau tæki sem þegar hafa verið seld nema um sé að ræða galla sem hafi áhrif á öryggi tækisins. Tæki sem áður hafa verið samþykkt má nota á meðan hægt er að viðhalda þeim.

Skoðanir eiganda eða umráðamanns

Eigandi eða umráðamaður ætti að skoða tækið vikulega. Þessi skoðun þarf að innihalda athugun á því hvort hleypt hafi verið af tækinu eða það skemmt.

Mánaðarlega ætti að gera umfangsmeiri sjónskoðun á tækinu (eða oftast ef áhættugreining bendir til þess að ástæða sé til að auka tíðnina), í henni skal skoða að:

- Tækið sé rétt staðsett.
- Tækið sé aðgengilegt og sýnilegt.
- Leiðbeiningar á tækinu séu hreinar og læsilegar og snúi fram.
- Þrýstímælir sýni að tækið sé í nothæfu ástandi og öruggt til notkunar.
- Innsigli hafi ekki verið rofin eða fjarlægð.

Eigandi og umráðamaður ætti einnig að grípa til annarra viðeigandi ráðstafana sé þess þörf. Ef vafi leikur á um hvort aðgerða er þörf ætti að færa tækið til skoðunar á þjónustustöð sem hefur starfsleyfi Mannvirkjastofnunar til að þjónusta handslökkvitæki.

Grunnþjónusta

Grunnþjónusta er skylt að framkvæma með yfirferð slökkvitækis minnst einu sinni á ári (+/- 1 mánuður) af þjónustuaðila komi ekki annað fram í leiðbeiningum framleiðanda (eða oftast ef áhættugreining bendir til þess að ástæða sé til að auka tíðnina).

Of langt mál er að fara yfir alla grunnþjónustu tækis en vísað er til leiðbeininga framleiðanda og staðlanna BS 5306 eða NS 3910 varðandi heildaryfirlit. Slík þjónusta skal m.a. innihalda:

- Ytri skoðun á skemmdum, dældum, ryði o.fl.



- Skoðun og prófun á þrýstimælum.
- Mælingu á þrýstingi, vigtun o.fl. til að tryggja að rétt magn af slökkviefni og þrýstigjafa sé á tækinu.
- Skoðun allra íhluta til að tryggja að tækið sé í góðu ástandi og hæft til notkunar (þetta felur í sér að innsigli sé fjarlæggt og að aðrir íhlutir sem gefa vísbendingu um að átt hafi verið við tækið séu skoðaðir og skipt út eftir atvikum).
- Skilyrt eru skipti á O-hringjum, innsiglium, þéttingum o.fl. í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

Aukin þjónusta

Fyrir flest nýleg tæki, að undanskildum CO₂ tækjum og örfáum öðrum gerðum, gefa framleiðendur undantekningarlítið upp að viðhaldsþjónustu skuli sinnt á fimm ára fresti og kemur hún þá í stað grunnþjónustu það árið.

Fyrir CO₂-tæki er fyrsta viðhaldsþjónusta á nýjum tækjum almennt gefin upp eftir 10 ár.

Til viðbótar við þá yfirferð sem felst í grunnþjónustu felur viðhaldsþjónusta í sér fleiri prófanir þ.á.m. prófun á afhleypingu og fyrir CO₂ tækin þrýstiprófun. Sjá nánar í töflu Viðauka I.

Endurhleðsla slökkvitækis

Eftir afhleypingu skal endurhlaða tækið með viðurkenndri áfyllingu frá framleiðanda samkvæmt leiðbeiningum, sjá einnig BS 5306-3.

Íhlutum skipt út

Ekki má breyta slökkvitæki eða nota aðra gerð slökkvimiðils en framleiðandi heimilar. Til breytinga telst einnig ef vikið er frá leiðbeiningum framleiðanda í þýðingu á leiðbeiningum um notkun tækjanna, sjá einnig BS 5306-3.

Slökkvitæki sem ekki skal þjónusta

Ef ekki er hægt að fá varahluti eða slökkvimiðil fyrir slökkvitæki skal eigandi þess taka það úr notkun og koma slökkvimiðlinum til eyðingar á viðurkenndan hátt. Fá þjónustuaðili beiðni um að þjónusta slíkt tæki skal þjónustan ekki veitt og skal hann benda eiganda á að taka slökkvitækið úr notkun.

Þjónustuaðila er ekki heimilt að þjónusta slökkvitæki ef búið er að banna notkun þeirra eða slökkvimiðilsins.

Eigandi eða umráðamaður handslökkvitækis skal gera viðeigandi ráðstafanir vegna tækja sem ekki er óhætt að nota og sem ekki er hægt að viðhalda t.d. með því að taka þau úr umferð og merkja þau sem ónýtt og tilgreina ástæðu þess.



Æskilegt er að þjónustuaðilar merki slík tæki, ef þau koma í þjónustu til þeirra, með upplýsingum um að þau hafi ekki verið þjónustuð eða að þau hafi verið dæmd ónýtt eftir því sem við á, sjá einnig BS 5306-3 en þar eru gefin eftirfarandi dæmi um atriði sem gera tæki óhæf til notkunar:

- Ryð, slit eða skemmdir á íhlutum sem tengjast þrýstibúnaði.
- Ryð í suðum.
- Umfangsmiklar almennar ryðskemmdir eða pyttatæring.
- Dældir eða beiglur á hylkinu.
- Brunaskemmdir á hylkinu.
- Rispur eða brestir í plastfóðringum.
- Plastfóðring losnuð frá málmhylkinu.
- Ryð í hylkinu undir plastfóðringu.
- Ryð í hylkinu undir zinc eða tin/blý fóðringu.

Sömuleiðis gera eftirfarandi atriði tæki óhæf til notkunar (nema íhlutunum sé skipt út með íhlutum viðurkenndum af framleiðanda):

- Málning eða annað yfirborðspekjandi efni, filma eða litur á plastíhlutum sem eru hluti af þrýstibúnaði tækisins.
- Hnignun plast íhluta af völdum UV ljóss.
- Ólæsilegar merkingar eða leiðbeiningar.
- Leiðbeiningar ekki á íslensku.

Skjalfesting

Þegar yfirferð brunavarnabúnaðar er lokið skal hæfur starfsmaður þjónustuaðila staðfesta vinnu sína með því að árita þjónustumiða á eða við búnaðinn sem á standur: Nafn og heimilisfang þjónustuaðila, dagsetning skoðunar, hvað gert var, hvenær næsta skoðun skal fara fram og kvittun starfsmanns. Miðinn skal gerður með þeim hætti að honum verði ekki breytt.

Viðkomandi starfsmaður skal árita miðann eigin hendi eða með rafrænni undirskrift. Með undirrituninni staðfestir hann að unnið hafi verið í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda og þessa reglugerð.

Þjónustumiðinn skal vera læsilegur án sérstaks búnaðar (eins og krafa er um t.d. í BS 5603-3, m.ö.o. ekki er nóg að strikamerkja tækið með þessum upplýsingum heldur skulu þær vera læsilegar þeim sem notar tækið).

Þjónustuaðili skal halda skrá yfir allan brunavarnabúnað sem hann annast til að tryggja rekjanleika á viðhaldi búnaðarins. Í skránni skal koma fram framleiðandi, tegund og verksmiðjunúmer búnaðar eftir því sem við á. Mannvirkjastofnun skal hafa aðgang að skránni vegna eftirlits.



Þjálfun hæfs starfsmanns

Þeir starfsmenn sem annast viðhald, skoðun, áfyllingu og þrýstiprófun handslökkvitækja skulu geta sýnt fram á fræðilega og verklega kunnáttu sína. Þeir skulu hafa sótt grunnnámskeið um þjónustu á brunavarnabúnaði sem Mannvirkjastofnun samþykkir, staðist próf að þeim loknum og fengið vottorð þar að lútandi. Starfsmenn sem annast þessi störf, skulu einnig geta sýnt fram á að þeir hafi fengið fullnægjandi þjálfun og leiðbeiningu hjá framleiðanda eða söluaðila hinna ýmsu gerða brunavarnabúnaðar um prófun og viðhald á þeim í samræmi við kröfur framleiðanda. Nánar má lesa um þjálfun hæfra starfsmanna í BS 5306-3 Annex A.

Þeir starfsmenn sem annast þrýstiprófun skulu hafa sótt námskeið þess efnis á vegum Vinnueftirlits ríkisins og hafa fengið í hendur vottorð þar að lútandi.

Ábyrgðarmaður skal, auk þess sem segir í 1. mgr., 9. gr. reglugerðar nr. 1067/2011 hafa minnst þriggja mánaða vottaða starfsreynslu hjá þjónustuaðila með starfsleyfi.

Heimildir

<http://anderstore.com/library/BS5306-3.asp> Sótt 28.06.2012

http://uk-fa.org/downloads/Service_Procedures_Oct_2009.pdf Sótt 28.06.2012

NS 3910: 2006 Brannmateriell - Vedlikehold av håndslökkere

BS 5306-3: 2009 Fire extinguishing installations and equipment on premises. Commissioning and maintenance of portable fire extinguishers. Code of practice

Reglugerð nr. 1068/2011 um slökkvitæki.

Reglugerð nr. 1067/2011 um þjónustuaðila brunavarna.

http://ec.europa.eu/enterprise/sectors/pressure-and-gas/files/ped/ped-guidelines_en.pdf Sótt 30.08.2012



Leiðbeiningar

D.007

Útgáfa 1.0
Dags. 25.06.2014

Viðauki I Aukin þjónusta skal framkvæmd á þjónustustöð með starfsleyfi MVS.

Dálkur 1	Vatnstæki með innbyggðum þrýstingi, íblöndunarefni og froðu
Dálkur 2	Dufttæki með innbyggðum þrýstingi og öryggisrofa.
Dálkur 3	Slökkvitæki með þrýstihylki fyrir vatn, vatnsíblöndunarefni og froðu.
Dálkur 4	Slökkvitæki með þrýstihylki fyrir duft
Dálkur 5	Koltvísýringshylki CO ₂

		1	2	3	4	5	
1	Skoða öryggispinna og annan öryggisbúnað	X	X	X	X	X	Skoða öryggispinna og annan öryggisbúnað sem þarf til að virkja tækið
2	Athuga þrýsting á mæli	X	X				Athuga þarf hvort loftþrýstimælir virki rétt, hægt er m.a. að tengja hann við prófunarmæli. Ef hann reynist ekki í lagi þá gæti þurft að skipta honum út og fara að öðru leiti eftir leiðbeiningum framleiðanda
3	Skoðun á handslökkvitæki og virkni þess	X	X	X	X	X	Athuga þarf ryðmyndun, ryk, rispúr og aðrar skemmdir sem geta hindrað örugga norkun tækisins samkvæmt fyrirmælum framleiðanda.
4	Vigta koltvísýringshandslökkvitæki (CO ₂)					X	Vigta skal handslökkvitækið miðað við merktar upplýsingar framleiðanda og athugaðu niðurstöður. Ef tækið hefur misst meira en 10% af upphaflegri áfyllingu þá ber að tæma tækið og skoða það samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda (þrýstiprófun o.fl.). Endurfylla má tækið ef það stenst skoðun, annars þarf að fleygja því.
5	Skoða slöngur og handfang (stút)	X	X	X	X	X	Skoða slöngu og stút og athuga hvort einhverjar skemmdir séu á slöngu eða stút, ekki stíflað, slitid eða skemmt. Skipta skal um ef þörf er á.
6	Athuga hvort leiðbeiningar séu réttar	X	X	X	X	X	Athuga hvort leiðbeiningar séu réttar auðlesnar og á íslensku.
7	Opna handslökkvitækið			X	X		Opna handslökkvitækið með því að skrúfa hettuna efst á tækinu af og taka þrýstihylkið úr tækinu.
8	Vatn, vatnsíblöndunarefni (t.d. léttvatn) og froða			X			Setja viðurkennda fyllingu frá framleiðanda í hreint tækið ef um áfyllingu er að ræða. Ef ílátið lekur skal fleygja því og setja nýtt.
9	Skoða duftið í tækinu				X		Skoða duftið úr tækinu og athuga hvort það sé komið í köku, kekki eða aðskotahlutir í duftinu. Takið tækið og hristið það til þess að losa duftið. Ef einhver vafi er á að



Leiðbeiningar

D.007

Útgáfa 1.0
Dags. 25.06.2014

		1	2	3	4	5	
							tækið sé í lagi þarf að yfirfara tækið og skipta um duft eða setja það í gegnum duftvél samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda.
10	Skoða allan búnað er varðar notkun tækis			X	X		Þrifa ef með þarf og hreinsa alla ventla með lofti og athuga að stútar seu rétt settir saman og virki rétt. Þrifa eða skipta um ef með þarf. Verja skrufgang og aðra hluti með því að smyrja þá samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda.
11	Skoða virkni tækjabúnaðar	X	X			X	Þegar tæknibúnaður í handslökkvitæki er kominn á lífaldur þarf að skipta um hann og verja hreyfanlega hluti og skrufgang með því að smyrja þá samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda.
12	Skoða þrýstihylki			X	X		Athuga þrýstihylki vegna ryðs eða annara skemmda. Ef þrýstihylki virðist vera skemmt skal setja nýtt hylki samkvæmt kröfum framleiðanda. Vigta skal hylkið og athuga þyngdina sem skráð er á hylkið. Ef hylkið hefur misst meira en 5% af fyrrgreindri áfyllingu framleiðanda verður að setja nýtt hylki samkvæmt EN 3-7
13	Skipta um O-hring og hosuhimnuna	X	X	X	X	X	Skipta um alla O -hringi, ef slangan er lokuð með öryggisfilmu skal líka skipta um hana
14	Vatn, vatnsíblöndunarefni (t.d. léttvatn) og froða			X			Skoða inn í tækin með góðri lýsingu og speglun. Athuga með ryðmyndun og tæringu í tækjunum og skipta þeim út ef þau eru lek eða skemmd.Hræra upp í tækjunum svo vökvinn samlagist.
15	Duft: Skoða handslökkvitæki að innan				X		Skoða dufthandslökkvitækið að innan eftir því sem kostur er með góðri lýsingu og speglun og athuga hvort finnist ryði eða tæring.
16	Vatn, vatnsíblöndunarefni (t.d. léttvatn) og froða			X			Endurhlaða tækið með viðurkenndri áfyllingu frá framleiðanda samkvæmt leiðbeiningum.
17	Safnið saman hlutum úr handslökkvitækinu	X	X	X	X	X	Setja handslökkvitækið saman, setja öryggispinnan í og ganga frá með nýju innsigli.
18	Ljúka verkefninu	X	X	X	X	X	Staðfestið vinnu samkvæmt 6 gr. í reglugerð 1067/2011. Þegar yfirferð tækis er lokið skal hæfur aðili staðfesta vinnu sína með því að árita þjónustumiða á tækinu sem á stendur: Nafn og heimilisfang þjónustuaðila, dagsetning skoðunar, hvað gert var við tækið, hvenær næsta skoðun skal fara fram og kvittun starfsmanns.



Viðauki II Aðferðir við samræmistat handslökkvitækja

Handslökkvitæki falla í flestum tilvikum undir aðferðareiningu III (sbr. Annex A í ÍST EN 3-8:2006 og skýringarmynd 2 í II. viðauka tilskipunar nr. 97/23/EB og reglugerðar nr. 571/2000 um þrýstibúnað.

Aðferðareining III felur eftirfarandi í sér:

B1 + D, B1 + F, B + E, B + C1, H - þar sem:

B = EB-gerðarprófun

B1 = EB-hönnunarprófun

C1 = Samræmi við gerðareintak

D = Gæðatrygging í framleiðslu

E = Gæðatrygging vöru

H = Full gæðatrygging

Framangreindum aðferðum við samræmistat er lýst í III. viðauka tilskipunar nr. 97/23/EB og reglugerðar nr. 571/2000 um þrýstibúnað. Þar er lýst hvert sé hlutverk tilnefnds aðila og hvaða kröfur eru gerðar til framleiðanda.